

26. apríl 2018

## Erindisbréf

*Faghópur um tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar í leikskólum*

*Hópurinn starfar samkvæmt samþykkt fræðsluráðs*

### Hlutverk:

- Meginverkefni er að fylgja eftir tillögum starfshóps um styttingu vinnuvikunnar sem starfshópur um bætta starfsaðstæður í leikskólum lagði fram í maí. Auk þess sem hann vinnur að eftirfylgd og útfærslu verkefnisins með þeim leikskólum sem tækju þátt.

### Hópurinn samanstendur af fagfólki af sviði fræðslu- og frístundarþjónustu auk mannauðsstjóra.

- Árný Steindóra Steindórsdóttir fulltrúi leikskólastjóra
- Arnrún Einarsdóttir fulltrúi aðstoðarleikskólastjóra
- Hildur Kathleen Harðardóttir fulltrúi deildarstjóra
- Hrund Apríl Guðmundsdóttir aðstoðarmaður sviðsstjóra
- Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir þróunarfulltrúi leikskóla
- Guðrún Þorsteinsdóttir mannauðsstjóri

Hópurinn skilar af sér tillögu að leiðum í síðasta lagi 15. mars 2019 svo mögulegt sé að hefja verkefnið að loknum sumarleyfum leikskóla haustið 2019.

- Um tímabundið verkefnið er að ræða til að tryggja sé að jafnræðis sé gætt.
- Samningur um styttingu vinnuvikunnar yrði gerður við alla starfsmenn sem taka þátt
- Þeir vinnustaðir sem velja að taka þátt þurfa að útbúa umsókn um þátttöku sem hópurinn fer yfir þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir þátttöku í verkefninu, væntanleg útfærsla á vinnustaðnum og undirbúningsáætlun viðkomandi starfsstaða.
- Stjórnendum í samstarfi við almenna starfsmenn væri gert að leggja til útfærslu þar sem stytting vinnuvikunnar gæti orðið allt að 3-5 klukkustundir á viku.

- Gert er ráð fyrir að allt starfsfólk sem ráðið er á föst mánaðarlaun geti tekið þátt í verkefninu. Starfsfólk í hlutastörfum fengu þannig hlutfallslega styttingu á vinnutímanum í samræmi við þátttöku annarra á vinnustaðnum.
- Útbúna þarf verklagsreglur og verklag við skráningar í Vinnustund vegna tilraunaverkefnisins.
- Tryggja þarf fjármagn í verkefnið.
- Í fylgiskjali er minnisblað unnuð úr punktum mannauðstjóra frá 26. apríl sl. Skal það haft til hliðsjónar við vinnu hópsins.

### **Verkaskipting:**

Þróunarfulltrúi leikskóla stýrir framgangi verkefnisins á samskipti við hagsmunaaðila, tryggir tengsl við aðrar einingar innan stjórnkerfis Hafnarfjarðar sem málið varðar.

Aðstoðarmaður sviðsstjóra boðar fundi, safnar gögnum og upplýsingum þar sem þörf er á, ritar fundi og sér um skráningu gagna.

Starfshópurinn getur kallað eftir ráðgjöf og samstarfi innan og utan bæjaris eftir því sem við á og kallað til aðila sem þeir óska eftir og telja að styðji framkvæmd verkefnisins.

Starfshópur hefur störf störf 3. október 2018 og skilar lokaskýrslu með tillögum til fræðsluráðs fyrir marslok 2019

Hafnarfirði 21. september 2018

---

*Fanney Dórothe Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundarþjónustu*